

Rannsóknir og þjónusta Opið málþing: Val stjórnarmanna

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Útgáfa

Um stofnunina

Í opinberum fyrirtækjum - Fagþekking eða pólitísk forysta?



Opið málþing á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ mánudaginn 26. nóvember kl. 12.00-13.15 í Háskólatorgi, Háskóla Íslands stofu 102.

Í kjölfar skýrslu nefndar um Orkuveitu Reykjavíkur hefur átt sér stað nokkur umræða um hvaða fyrirkomulag sé heppilegast við skipan stjórnarmanna í opinberum fyrirtækjum. Viðfangsefnið tengist fræðilegri og hagnýtri umræðu um stjórnarhætti fyrirtækja (corporate governance) í kjölfar hrunsins. Meginspurningin er: Með hvaða hætti má skipa í stjórnir opinberra fyrirtækja þannig að sem best sé tryggt að stjórn sé virk og sinni öllum

hlutverkum sínum í þágu fyrirtækisins en jafnframt að hún tryggi almannahagsmuni.

Í þessari umræðu er rætt um hvort eingöngu sérfróðir aðilar um málefni fyrirtækisins eigi að starfa í stjórn opinberra fyrirtækja eða kjörnir fulltrúar og fulltrúar stjórnmálaflokka. Um það verður fjallað á málþinginu sem haldið verður mánudaginn 26. nóvember kl. 12:00-13:15. Málþingið er öllum opið. Frummælendur eru **Dr. Ómar H. Kristmundsson**, prófessor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, **Bryndís Hlöðversdóttir**, rektor Háskólans á Bifröst og **Sóley Tómasdóttir**, borgarfulltrúi í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Dr. Ómar H. Kristmundsson (GLÆRUR ÓHK), prófessor við Stjórnmálafræðideild HÍ: Umboð, verkefni og kröfur til stjórnarmanna opinberra fyrirtækja.
2. Bryndís Hlöðversdóttir (GLÆRUR BH), rektor Háskólans á Bifröst: Meginreglan um aðskilnað hlutverka; forsenda góðra stjórnarhátta.
3. Sóley Tómasdóttir (ERINDI ST), borgarfulltrúi í Reykjavík: Lýðræðislegar leikreglur og almannahagsmunir.

Fundarstjóri: Ásta Möller, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands

Gimli 241 - Sæmundargötu 10
101 Reykjavík
Kt. 600169-2039
Hér erum við!

Hafðu samband

Sími: +354 525 5434, 525 5454
Netfang: stjornsyslaogstjornmal@hi.is

Opnunartímar

Aðalbygging 07:30-17:00
Háskólatorg 07:30-22:00
Allir opnunartímar

Samfélagsmiðlar

- Við erum á Facebook
- Við notum líka Twitter
- RSS veita HÍ

